

- | | | | |
|-----------|--|----------------------|------------|
| 7. liður. | Kýr, hestar og svín | kr. 18.00 fyrir grip | 171 |
| 8. — | Sauðfé | — 1.00 — kind | 2. ágúst |
| 9. — | Vatn til skipa | — 30.00 lágmark | |
| 10. — | Vatn til skipa | — 10.00 smálestin | |
| 11. — | Fyrir sjóhúsibúð | — 15.00 á mánuði | |
| 12. — | Vatn samkv. 4. gr. | — 1.00 smálestin | |
| 13. — | Vökvun í garða er óheimil, nema með sérstöku leyfi og gjaldi. | | |
| 14. — | Lágmarksskattur á hús sé kr. 100.00, þar sem ein fjölskylda er í húsi, annars kr. 60.00 á fjölskyldu, þar sem fleiri búa. | | |
| 15. — | Gjalddagar skulu vera tveir á ári. 1. júní skal greiða helming af föstum vatnsskatti og helming af áætluðum skatti af þegar veiddum afla. 1. okt. greiðist það, sem þá stendur eftir af skattinum. | | |

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir vatnsveitu Hriseyjarkauptúns, nr. 89 18. júní 1942.

Félagsmálaráðuneytið, 2. ágúst 1950.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

172

8. ágúst

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Borgarfjörð í Norður-Múlasýslu,
nr. 15 13. jan. 1947.

1. gr.

Öll vörugjöld samkvæmt 12. gr. hafnarreglugerðarinnar skulu framvegis hækka um 100%.

2. gr.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 8. ágúst 1950.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.